

1856.

27. júní.

17. Úr bréfi dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmanns- ins á Íslandi um sölu áfengra drykkja.

- - - Um leið hafi þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá því, að í Reykjavík seli þeir, sem ekki eiga með það, brennivín og aðra drykki í staupum, einkum verzlunarmenn í búðum, og hafið þér útaf þessu stungið uppá, að lögreglustjórnin gefi út opið bréf um að sala áfengra drykkja, til að drekka þar í stað, einungis megi við gángast hjá þeim, sem til þessa hafa fengið leyfisbréf amtmanns, en að þvílík sala með öllu sé bönnuð í búðum verzlunarmanna.

Þar nú aðferð sú, sem hér ræðir um, er beinlínis gagnstæð tilskipun 13. júní 1787 2. gr. nr. 2, og þar álíta má, að ástæður þær, sem voru til þess, að ákvörðun þessi ekki hefri verið haldin í gildi, nú sé fallnar burtu, þaræð nú, eins og herra stiptamtmaðurinn skýrir frá, er búið að byggja gestaherbergi og veitingahús í Reykjavík, hvar bæði ferðamenn og aðrir geta fengið nægar veitingar, og þaræð loks hinar sèrstöku reglur í kansellíbréfi 5. janúar 1788 einungis eru gefnar fyrir hina dönsku kaupstaði, en geta ekki haft stað á Íslandi, er ekkert á móti því, að ofanefnd ákvörðun í tilskipun 13. júní 1787 eptirleiðis verði gjörð gildandi fyrir Reykjavíkur kaupstað, og að yfirvöld bæjarins auglýsi það, og er því herra stiptamtmaðurinn beðinn um að sjá fyrir því sem í þessu þykir við þurfa.

7. júlí.

18. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar, um að frakknesk skip, sem fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, sèu undan þegin að greiða 2 rd. aukagjald það af hverju dönsku lestarúmi, sem ákveðið er í konúnglegum úrskurði 1. apríl þ. á.

Hérmeð gefst til vitundar, að frakknesk skip, sem fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, eru með allrahæstum úrskurði